

75

23. júní

L Ö G

um

breytingar á lögum nr. 58 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í fyrstu grein laganna komi 15. gr. og 16. gr. í stað 13. og 14. gr.

2. gr.

8. gr. laganna breytist þannig:

Tóbakseinkasalan skal leggja frá 10 til 50 af hundraði á tóbak, eftir því sem henta þykir fyrir hverja tegund. Álagningu þessa skal miða við verð vörunnar kominnar í hús hér á landi, að meðtöldum tolli. Tóbak til sauðfjárbaða selst án hagnaðar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Christiansborgarhöll, 23. júní 1932.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Ásgeir Ásgeirsson.